
HAUSTÞING SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



HALDIÐ Í KLIFI Í ÓLAFSVÍK

25. SEPTEMBER 2019



SAMTÖK
SVEITARFÉLAGA
Á VESTURLANDI



Efnisyfirlit

Fulltrúar og gestir á haustþingi SSV 2019	2
Dagskrá á haustþingi SSV 2019.....	2
Þingsetning – Eggert Kjartansson, formaður SSV	3
Fjárhags- og starfsáætlun lagðar fram og kynntar – Páll Brynjarsson, framkv.stj. SSV	3
Erindi	4
➤ Kynning á sóknaráætlun – Páll Brynjarsson SSV.....	4
Tillögur að ályktunum lagðar fram og vinnuhópar taka til starfa	4
Ávörp Gesta	5
➤ Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra	5
➤ Haraldur Benediktsson, fyrsti þingmaður Norðvestur kjördæmis.....	6
➤ Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitafélaga	6
Pallborðsumræður um umhverfismál	6
➤ Inngangserindi pallborðs	7
➤ Úr umræðum í pallborði	8
Afgreiðsla á fjárhags- og starfsáætlunum og ályktunum	10
➤ Fjárhags- og starfsáætlun SSV	10
➤ Samgöngumál	10
➤ Opinber þjónusta	10
➤ Atvinnu- og umhverfismál	10
Þingslit	11
Fylgiskjöl:.....	12
➤ Fjárhags- og starfsáætlun SSV - samþykkt	12
➤ Samgöngumál – samþykkt ályktun	20
➤ Opinber þjónusta – samþykkt ályktun.....	22
➤ Atvinnu- og umhverfismál – samþykkt ályktun.....	25



Fulltrúar og gestir á haustþingi SSV 2019

AKRANESKAUPSTAÐUR

- Elsa Lára Arnardóttir, bæjarfulltrúi
- Ragnar B. Sæmundsson, bæjarfulltrúi
- Bára Daðadóttir, bæjarfulltrúi
- Ólafur Adolfsson, bæjarfulltrúi
- Raket Óskarsdóttir, bæjarfulltrúi
- Einar Brandsson, bæjarfulltrúi
- Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri

BORGARBYGGÐ

- Lilja Björg Ágústsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi
- Davíð Sigurðsson, sveitarstjórnarfulltrúi
- Magnús Smári Snorrason, sveitarstjórnarfulltrúi
- Guðveig Eyglóardóttir, sveitarstjórnarfulltrúi
- Gunnlaugur A. Júlíusson, sveitarstjóri

DALABYGGÐ

- Skúli Hreinn Guðbjörnsson, sveitarstjórnarfulltrúi
- Kristján Sturluson, sveitarstjóri

EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

- Eggert Kjartansson, oddviti

GRUNDARFJARÐARBÆR

- Jósef Ó. Kjartansson bæjarfulltrúi
- Hinrik Konráðsson, bæjarfulltrúi
- Heiður Björk Fossberg Óladóttir, bæjarfulltrúi
- Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri

HELGAFELLSSVEIT

- Sif Matthíasdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi

HVALFJARÐARSVEIT

- Björgvin Helgason, sveitarstjórnarfulltrúi
- Guðjón Jónasson, sveitarstjórnarfulltrúi
- Linda Björk Pálsdóttir, sveitarstjóri

SKORRADALSHREPPUR

- Árni Hjörleifsson, oddviti
-

SNÆFELLSBÆR

- Björn Hilmarsson, bæjarfulltrúi
- Auður Kjartansdóttir, bæjarfulltrúi
- Júníana Óttarsdóttir, bæjarfulltrúi
- Fríða Sveinsdóttir, bæjarfulltrúi
- Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

STYKKISHÓLMSBÆR

- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, bæjarfulltrúi
- Haukur Garðarsson, bæjarfulltrúi
- Lárus Á. Hannesson, bæjarfulltrúi
- Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri

STARFSMENN SSV

- Helga Guðjónsdóttir
- Hrefna Bryndís Jónsdóttir
- Ólafur Sveinsson
- Ólöf Guðmundsdóttir
- Margrét Björk Björnsdóttir
- Páll Brynjarsson
- Svala Svavarsdóttir
- Sædís Björk Þórðardóttir
- Vífill Karlsson

GESTIR

- Haraldur Benediktsson, þingmaður
- Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
- Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Sigurborg Hannesdóttir, ráðgjafi
- Stefán Gíslason, umhverfisfræðingur
- Ragnhildur Sigurðardóttir, forstöðumaður Svæðisgarðs Snæfellsness
- Sara Rós Huld, framhaldsskólanemi
- Kristján Gauti Karlsson, blaðamaður



Dagskrá á haustþingi SSV 2019

- Kl. 09:30 Þingsetning, Eggert Kjartansson formaður SSV
- Kl. 09:45 Fjárhagsáætlun og starfsáætlun SSV fyrir árið 2020 lagðar fram og kynntar
Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV
- Kl. 10:15 Kynning á tillögu að Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024
- Kl. 11:00 Vinnuhópar um ályktanir Haustþings taka til starfa
Á þinginu starfa eftirtaldir vinnuhópar:
Fjármál og starfsemi SSV
Samgöngumál
Opinber þjónusta
Atvinnu- og umhverfismál
- Kl. 12:15 Hádegisverður
- Kl. 13:00 Skoðunarferð um Snæfellsbæ undir leiðsögn Kristins Jónassonar
- Kl. 14:00 Ávörp gesta
Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
Haraldur Benediktsson, fyrsti þingmaður Norðvestur kjördæmis
Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Kl. 15:00 Samtal um umhverfismál
„Að hugsa á heimsvísu og framkvæma heima fyrir- viðfangsefni og tækifæri
sveitarfélaganna á Vesturlandi í umhverfismálum“
Stjórnandi Sigurborg Hannesdóttir
- Þátttakendur:
Ragnhildur Sigurðardóttir, Svæðisgarði Snæfellsness
Kristinn Jónasson formaður, stjórnar Sorpurðunar Vesturlands
Stefán Gíslason, umhverfisfræðingur
Sara Rós Hulda Róbertsdóttir, framhaldsskólanemi
- Kl. 17:00 Afgreiðsla áætlana og ályktanna
- Kl. 18:00 Þinglok og léttar veitingar

Þingsetning – Eggert Kjartansson, formaður SSV

Formaður SSV setti þingið og bauð fundarmenn velkomna. Eggert fór yfir dagskrá þingsins

Eggert tilnefndi Björn Hilmarsson og Júníönu Óttarsdóttur sem fundarstjóra. Eggert bað Björn og Júníönu að taka við fundarstjórn. Júníana tók við fundarstjórn og tilnefndi Svölu Svavarsdóttur sem ritara. Þá bað Júníana kjörbréfanefnd að taka til starfa, en í henni voru þau Linda Björk Pálsdóttir, Fríða Sveinsdóttir og Davíð Sigurðsson. Þar næst gaf hún Páli S. Brynjarssyni framkvæmdastjóra SSV orðið og bað hann að kynna fjárhags- og starfsáætlun SSV.

Fjárhags- og starfsáætlun lagðar fram og kynntar – Páll Brynjarsson, framkv.stj. SSV

Páll Brynjarsson kom í pontu og kynnti fjárhags- og starfsáætlun sem lág fyrir fundinum.

Páll fór yfir starfsáætlun, hlutverk og markmið SSV. Páll nefndi þau lög sem kveða á um starfsemi SSV sem eru sveitarstjórnarlög og lög um byggðaaætlun og reifaði helstu markmið SSV sem eru að vinna að hagsmunum sveitarfélaganna, efla samstarf, stuðla að aukinni þekkingu kjörinna fulltrúa og efla samkennd íbúa á svæðinu. Páll nefndi þau verkefni sem SSV vinnur samkvæmt samningum og samþykktum sem eru í fyrsta lagi samningur við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðapróun. Í öðru lagi þjónustusamningur við stjórn Sorpurðunar Vesturlands en SSV sér um fjármálaumsýslu og framkvæmdastjórn. Í þriðja lagi á SSV allt hlutafé í Vesturlandsstofu (Markaðsstofu Vesturlands) og heyrir hún í skipuriti undir SSV. Tveir samningar eru að falla úr gildi en það eru samningur um Þjónustusvæði Vesturlands fyrir málefni fatlaðra en verkefnið mun ganga til sveitarfélagana í upphafi árs 2020 og samningur við Vegagerðina um almenningssamgöngur milli sveitarfélaganna á Vesturlandi en Vegagerðin mun taka verkefnið yfir í upphafi árs 2020. Einnig fór Páll yfir stjórnskipan og starfsmannahald SSV ásamt yfirferð á helstu áherslum 2020 í samstarfi, stefnumótun, fræðslu, kynningu, Sóknaráætlun Vesturlands, atvinnuráðgjöf SSV og menningarmálum. Þá fór Páll yfir fjárhagsáætlun og gerði grein fyrir þeim tekju- og rekstrarliðum sem eru í áætluninni. Fram kom að áætlun gerir ráð fyrir 1.255.476 kr. rekstrarafgangi. Í áætlun er gert ráð fyrir að hækkun á framlagi sveitarfélaganna til SSV verði 3% á milli áranna 2019 og 2020. Þá fór hann yfir fjárhagsáætlun Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árið 2020 sem er viðauki við fjárhagsáætlun SSV.

Að lokinni kynningu Páls, kynnti Margrét Björk starfsáætlun Vesturlandsstofu, en SSV á allt hlutafé hennar. Í máli Margrétar kom fram að unnið er að markmiðum og þeim verkefnum sem skilgreind eru í Áfangastaðaaætlun Vesturlands. Þá liggur fyrir að Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála vilja að starfsemi markaðsstofa landshlutanna verði endurskilgreint og þeim breytt í Áfangastaðastofur sem taki að sér fleiri verkefni en markaðsstofurnar hafa haft með höndum hingað til.

Björn þakkaði Páli og Margréti Björk fyrir sína yfirferð og opnaði fyrir fyrirspurnir. Nokkrar umræður sköpuðust þar á meðal um verkefni Markaðsstofu, útsvarstekjur og fleiri mál.

Því næst bauð Björn Lindu Björk Pálsdóttur að kynna niðurstöðu kjörbréfanefndar.

Linda kom í pontu og tilkynnti að fundurinn væri löglegur og að nefndin gerir engar athugasemdir við kjörbréf. Þá sagði hún 23 mætta af 26 fulltrúum. Linda þakkaði Fríðu og Davíð fyrir samstarfið.

Erindi

➤ Kynning á sóknaráætlun – Páll Brynjarsson SSV

Björn bauð Pál velkomin í pontu.

Páll kynnti tillögu að Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024.

Í febrúar 2019 hófst vinna við mótun sóknaráætlunar 2020-2024 fyrir Vesturland á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. SSV réði Capacent sem ráðgjafa við vinnuna og hélt fyrirtækið utan um vinnuferlið, viðtöl og samráðsfundi sem haldnir voru vegna verkefnisins. Það ferli sem sett var upp miðaði að því markmiði að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun og auka samkeppnishæfni Vesturlands. Í þeim tilgangi voru mótaðar áherslur að framtíðarsýn, meginmarkmiðum og mælanlegum markmiðum til næstu ára.

Samráðið við mótun Sóknaráætlunar Vesturlands átti sér stað í fjórum fösum. Í fyrsta stað voru tekin viðtöl við stjórnarmenn SSV, fulltrúa úr samráðsvettvangi og styrkþega uppbyggingarsjóðs um stöðu Vesturlands og dregið fram álit þeirra á hvernig til hefði tekist með sóknaráætlun 2015-2019. Í maímánuði var efnt til opins stórfundar þar sem dregin var fram framtíðarsýn Vesturlands og skoðanir á forgangsöröðun helstu áherslna. Þá var efnt til fundar með samráðsvettvangi um markmið og leiðir nýrrar sóknaráætlunar og framtíðarsýnin rýnd enn frekar. Að lokum var opnað á samráð við alla íbúa um drög nýrrar sóknaráætlunar í gegnum samráðsgátt á vefnum.

Samráðsvettvangur Vesturlands kom með virkum hætti að ferlinu, en hann skipa 30 fulltrúar sem kom úr hópi kjörinna fulltrúa, atvinnulífs, fræðasamfélagsins, menningarlífi og félagasamtökum. Aðkoma sveitarfélaga í landshlutanum var virk allt ferlið í gegnum stýrihóp, samráðsvettvang og stjórn SSV.

Í ferlinu var ákveðið að skipta sóknaráætluninni í fimm málaflokka. Atvinna og nýsköpun, Menning, Umhverfi, Samgöngur og Velferð. Fyrir alla málaflokkana er sett fram ein framtíðarsýn fyrir Vesturland en þeim svo skipt niður í megináherslu, 4-6 mælanleg markmið og áherslur fyrir hvern flokk. Við ætlum að taka grunnstöðu í öllum mælanlegum markmiðum 1. janúar 2020 og fylgjast reglulega með framþróun þeirra mælikvarða sem grundvalla mælanlegu markmiðin. Áherslur og mælanleg markmið hvers flokks fyrir sig eru svo með myndrænum hætti tengd heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og forgangsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar. Áherslur og mælanleg markmið sóknaráætlunar verða innleidd í gegnum aðgerðir og verkefni annars vegar uppbyggingarsjóðs Vesturlands og hins vegar þau áhersluverkefni sem ráðist verður í á hverju ári á Vesturlandi.

Júníana tók við fundarstjórn og þakkaði Páli fyrir sína yfirferð og gaf orðið laust.

Miklar umræður sköpuðust um sóknaráætlun og þá sérstaklega um störf án staðsetningar. Fram kom að alltaf sé tekið vel í hugmyndir um störf án staðsetninga en lítið gerist. Mikið rætt um þörf á átaksverkefni og þrýsting á ríkið að framkvæma í þessum efnum. Eins rætt um að koma af stað vitundarvakningu og kynna Vesturland sem góðan kost til að færa starfsemi sína á, jafnt einkaaðila sem og ríkið.

Tillögur að ályktunum lagðar fram og vinnuhópar taka til starfa

Björn kynnti fyrirkomulag og vinnu nefnda og tilgreindi hvar hóparnir ættu að starfa og óskaði eftir því að þeir aðilar sem eru í forsvari fyrir hverja nefnd leiði sínar nefndir til starfa og bauð öðrum fundarmönnum að setja sig í þann hóp sem þeir hefðu áhuga á að vinna í.

Eftirtaldir aðilar voru forsvarsmenn nefnda:

1. Fjárhags- og starfsáætlun SSV:

Rakel Óskarsdóttir, Kristján Sturluson og Gunnlaugur Júlíusson
Starfsmenn SSV: Páll S. Brynjarsson og Svala Svavarsdóttir

2. Atvinnu- og umhverfismál:

Björg Ágústsdóttir, Skúli Guðbjörnsson og Björgvin Helgason
Starfsmenn SSV: Ólafur Sveinsson og Hrefna B. Jónsdóttir

3. Samgöngur og fjarskipti:

Ólafur Adolfsson, Guðveig Eyglóardóttir og Lárus Hannesson
Starfsmaður SSV: Vífill Karlsson

4. Opinber þjónusta:

Magnús Smári Snorrason, Bára Daðadóttir og Hrafnhildur Hallvarðsdóttir
Starfsmenn SSV: Helga Guðjónsdóttir og Ólöf Guðmundsdóttir

Ávörp Gesta

Undir dagskrárliðnum ávörp gesta fluttu þrír gestir ávörp, en þetta voru þeir Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Haraldur Benediktsson fyrsti þingmaður Norðvestur kjördæmis og Aldís Hafsteinsdóttir formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

➤ Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Sigurður sagði gott og nauðsynlegt að koma og þakkaði fyrir boðið. Þá sagði hann gaman að fylgjast með uppbyggingu en að þróun íbúafjölda á landsbyggðinni væri áhyggjuefni og það þarf að laða að íbúa til að landsbyggðin vaxi og dafni. Ráðherra nefndi að byggðaáætlun hefði stutt myndarlega við Vínlandssetur í Dalabyggð og það á eftir að laða að sér fleiri ferðamenn. Þá sagðist hann vera ánægður með hvernig sóknaráætlunarverkefnið hafa þróast og að stoðir menningar hefur styrkst eftir að þessi vinna byrjaði. Þá væri skynsamlegt að búa til hvata í Uppbyggingarsjóðinn til að auka samkeppnishæfni og nefndi hann að Vestlendingar hafi vandað til verka í að sækja um styrki. Sigurður nefndi að hann óskaði eftir áframhaldandi góðum samskiptum í þessum málum og vill fela heimamönnum aukið vald og góð verkfæri. Þá sagði hann Vestlendinga komna langt með vinnuna í sóknaráætlun og að hún gangi vel og að sóknaráætlun verði öflugt tæki og muni nýtast landshlutanum á ótal vegu. Þá nefndi ráðherra að verkefnið „Ísland ljóstengt“ vekur alþjóðlega athygli og þá sérstaklega hvað við tengjum marga fyrir þetta fjármagn. Ísland er að ná mjög góðum árangri og líkur verkefninu árslok 2021. Þá sagði hann að við fengjum að heyra meira varðandi þrífösun rafmagns þegar líður á haustið og þakkaði gott samstarf í því verkefni. Þá sagði ráðherra að Ísland þurfi að vera í stakk búið til að takast á við niðursveiflu en hlutirnir breytast hratt og komin fram samdráttur á nokkrum sviðum, sem dæmi loðnubresturinn og fall WOW air.

Ráðherra ræddi einnig samgönguáætlun en endurskoðuð samgönguáætlun verður lögð fyrir þingið í haust. Sjálfbærni þarf að vera leiðarljós okkar á öllum sviðum í allri okkar stefnumótun og jöfnust réttindi íbúa á allri þjónustu. Þá hrósaði hann forystu Sambands íslenskra sveitarfélaga í samstarfi um mörg mál.

Að lokum sagði Sigurður „Við eigum að vera bjartsýn og jákvæð, framtíðin er björt, stöndum saman og vöndum okkur, við erum að þjóna íbúum“.

➤ Haraldur Benediktsson, fyrsti þingmaður Norðvestur kjördæmis

Haraldur byrjaði á því að þakka fyrir boðið. Þá ræddi hann fjármálaáætlun, fjármálafrumvarpið og um samdrátt í efnahagslífinu sem verið er að bregðast við. Haraldur ræddi sveitarstjórnarstigið, breytingar á lánakerfi námsmanna því fólk tekur minna af námslánum. Sagði það verðugt verkefni og að nálgast þyrfti það á þann hátt að námstyrkurinn væri í samræmi við hvaðan nemendurnir koma. Þá nefndi hann sýslumannsembættin og sagðist horfa til að rekstur þeirra braggist á nýjan leik. Einnig nefndi hann húsnæðismálin og nýjan lánaflokk á köldum svæðum ásamt endurskoðun á jöfnun raforkudreifingu. Haraldur ræddi urðunargjald sem er óútfærður skattur, en sagði að umræðan snérist um að það þurfi að beita sköttum sem hvata til að draga úr urðun. Þá nefndi hann einnig samgöngumál og að í þeim ferðamannastraumi sem er orðin verður að auka framlög í sumar- og vetrarþjónustu á vegum. Haraldur sagði ný lög um pósthjónustu taka gildi um áramót og að horfið verði frá einkaleyfi Póstsins til póstdreifingar. Þá ræddi hann um að það væri viðvarandi verkefni að huga að burðugu og traustu atvinnulífi á svæðinu og að við undirbúning fjárlaga verði að horfa til stóriðju. Það þarf að vera á verði varðandi framtíð Grundartangasvæðisins. Að síðustu nefndi Haraldur að það væri mikilvægt að ræða málefni hjúkrunarheimila og fjármögnun á starfsemi þeirra.

➤ Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitafélaga

Aldís þakkaði fyrir boðið, málsverð og kynningu Kristins á Snæfellsbæ fyrir í dagskrá.

Aldís ræddi í upphafi hið fjárhagslega umhverfi sveitarfélaganna og þá vinnu sem stendur yfir varðandi kjarasamningagerð, en viðsejendur sambandsins sem eru 43 og hún sagði mikilvægt að sveitarfélögin standi saman í þessari vinnu.

Þá sagði Aldís að hún væri ánægð með að þingsályktunartillagan um sameiningar sveitarfélaga hafi verið lögð fram. Markmiðið með henni er að sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi. Það er flókið hvað stærð sveitarfélaganna er misjöfn og eins og þau eru núna er í raun mannanna verk og mörk þeirra voru ákveðin á bók eða í blaði. Aldís velti fyrir sér hvaða skilaboð ætlum við að senda þingmönnum okkar? Ef ekkert gerist í sameiningum sveitarfélaga núna þá er hætt við að ekkert gerist. Við verðum að standa saman og ef við ætlum að efla nærþjónustuna og sveitarstjórnarstigið verða að vera stærri og öflugri sveitarfélög.

Aldís kom einnig inn á loftslagsmál og sagði að heimsmarkmiðunum yrði ekki náð nema með aðkomu sveitarstjórnarstigsins. Þá ræddi hún úrgangsmál og urðunarskatt og sagði að sambandið legðist eindregið gegn þessu þar sem það vantaði allt samtal við sveitarfélögin og kallaði eftir samráði og viðræðum. Þá hældi Aldís ríkistjórninni fyrir framlög til byggðarmála og sóknaráætlana. Mjög góð samskipti við ráðherrana. Þá nefndi hún sláandi niðurstöður um stöðu Íslands í notkun stafrænna innviða og þjónustu og lagði áherslu á að við þyrftum að bæta okkur verulega. Þá hvatti Aldís kjörna fulltrúa til að mæta á skólaþing sveitarfélaga í nóvember. Að lokum bar hún þinginu góðar kveðjur frá framkvæmdarstjóra og stjórn og nefndi að ef eitthvað bjátar á eða ef það vantar handleiðslu í verkefnum dagsins ekki hika við að hafa samband.

Júníana opnaði á fyrirsurnir til gestanna

Miklar og góðar umræður urðu um hin ýmsu mál svo sem fasteignagjöld, störf án staðsetninga, urðunarskatt, sameiningu sveitarfélaga, kjör sveitarstjórnarmanna, ljósleiðaravæðingu og fleira.

Júníana þakkaði gestum fyrir sín innlegg og komuna.

Pallborðsumræður um umhverfismál

Júníana kynnti pallborðið en þátttakendur voru:

Stjórnandi umræðu Sigurborg Hannesdóttir, ráðgjafi.

Pallborð:

- Stefán Gíslason, umhverfisfræðingur
- Ragnhildur Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Svæðisgarðs Snæfellsness
- Kristinn Jónasson, formaður Sorpurðunar Vesturlands
- Sara Rós Huld Róbertsdóttir, framhaldsskólanemi

Þátttakendur sátu saman í litlum hópum, þar sem við hvert borð voru fulltrúar frá fleiri en einu sveitarfélagi. Hver og einn ofantaldra gesta flutti stuttan inngang út frá spurningunni hér að ofan. Síðan fór fram umræða í hópunum og bauðst þeim að skrá niður spurningar eða innlegg í umræðuna. Gestirnir brugðust síðan við því sem kom úr sal. Þá var boltanum vísað aftur til hópanna og lagt til að rætt yrði um það sem sveitarfélögin hvert fyrir sig, eða á vettvangi SSV gætu gert. Þessir punktar voru lesnir upp og gestirnir brugðust síðan örstutt við þeim.

Loks voru allir viðstaddir beðnir um að skrifa á blað hverju þau eru stoltust af í umhverfis- og loftslagsmálum í sínu sveitarfélagi.

➤ Inngangserindi pallborðs

Stefán Gíslason sagði m.a.:

Hugtakið „að hugsa á heimsvísu og framkvæma heima fyrir“, kom fyrst fram í svokallaðri Brundtland skýrslu árið 1987. Þá var þetta lagt upp sem eitthvað tvennt, en nú er skilningurinn sá að þetta sé eitt og það sama.

Til að nálgast loftslagsbreytingar út frá skynsamlegri nýtingu auðlinda, er mikilvægast að horfa á jarðveg. Stærsti jarðvegsforðinn er votlendi. Framræsing veldur koldíoxíð uppgufun, þá er jarðvegur að breytast í lofttegund.

Loftslagsmálin eru ekki bara kaflar í bókinni, heldur bókin sjálf. Þetta er spurning um að mannkyn lifi af og það er nú þegar neyðarástand. Við þurfum að hætta að henda lífrænu efni.

Ragnhildur Sigurðarsdóttir sagði m.a.:

Sveitarfélögin eru næst íbúunum. Það er nauðsynlegt að skapa samstarfsvettvang samfélagsins, sveitarfélaga og fyrirtækja.

Sveitarfélögin geta nýtt skipulagsvaldið. Byggja ætti á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Friðlýst svæði og náttúruverndarsvæði eru mikilvæg og gera þarf stjórnunar- og verndaráætlanir. Við „erum ekki með þetta“, heldur þurfum við plan og farveg til að ná því.

Mikilvægt er að nálgast viðfangsefnið með von og gleði. Engin verkefni eru of smá.

Hún ræddi m.a. um innviði og fjórðu iðnbyltinguna, rafmagnsbíla og aðstöðu í höfnum.

Ungt fólk og fleiri eru lömuð af ótta og þess vegna þarf að leggja áherslu á góðar fréttir og von. Almennigur er að vakna.

Leggjum áherslu á hringrásarhagkerfið.

Kristinn Jónasson sagði m.a.:

Fræðsla er lykilatriði. Fræðum og fræðumst. Hver og einn skiptir máli. Orkuskipti og orkusparnaður eru mikilvæg og t.d. hægt að spara mikla raforku á köldum svæðum, með varmadælum.

Leggjum áherslu á bættu sorpflokkun og endurnýtingu og þar getum við bætt okkur mjög á Vesturlandi.

Kannski ætti að skoða Earth Check vottun fyrir allt Vesturland. Einnig nefndi hann vöktun hjá Vör sjávarútvegssetri, sem dæmi um það sem vel er gert.

Þá talaði hann um gerð göngu- og hjólreiðastíga, uppbyggingu áningarstaða, þjóðgarð og trjárækt.

Sara Rós Hulda Róbertsdóttir sagði m.a.:

Stórauka þarf fræðslu um umhverfismál og fræðsla í skólum ætti að beinast að því sem börn og unglingar geta gert sjálf. Einnig að fræða almennt um neyslu og notkun. Framhaldsskólar á Vesturlandi ættu að setja svona áfanga inn í kjarna.

Rætt er um það hjá Reykjavíkurborg að auka grænmetisneyslu í skólum. Ræktun dýra hefur verri umhverfisáhrif og því mættu sveitarfélög skoða breytingar í sínum mótuneytum.

➤ Úr umræðum í pallborði

Sorpmál

Talsverð umræða varð um sorpmál og kallað eftir samræmdri flokkun, sem ákveðin yrði af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og/eða af ríkinu. Eða að sveitarfélög á Vesturlandi gætu samræmt sín á milli, með átaksverkefni á vegum SSV.

Fram kom hjá Stefáni að varðandi samræmda flokkun, að sveitarfélög geti lögum samkvæmt, skyldað til flokkunar sorps – en hafa ekki gert það. Setur ríkið þetta í lög? Þar geta komið upp samkeppnissjónarmið. Flokka skal í sjö flokka samkvæmt Evróputilskipun.

Spurt var: Af hverju ekki að koma á fót hátækni brennslustöð fyrir Ísland? SG svaraði, að til þess þurfi mjög mikið magn. Hann benti á að í umræðunum er oft megin áherslan á úrgang, en við ættum að einbeita okkur að því að minnka sorp og neyslu og flokka. Þarf gríðarlega samstöðu.

Þá var spurt: Hvaða leiðir er hægt að fara til að lágmarka kostnað við urðun lífrænna efna og minnka vistspor? Svarað var að við þurfum að hætta því og að frá árinu 2023 verði ekki leyfilegt að urða lífrænan úrgang.

Neysla/viðhorf

Lögð var áhersla á að hver og einn reyni að gera betur, en jafnframt spurt, „hvar er best að byrja fyrir einstaklinginn?“

Stungið var upp á að upplýsa fólk um hvernig sé hægt að nota minna og nýta betur og rætt um mikilvægi fræðslu almennt.

Spurt var: „Hvernig náum við til unga fólksins? Búa til kynslóðabréf?“ Og einnig: „Er hægt að naumhyggjuvæða ungt fólk? Getur orðið flott að vera blankur – bara bolur + gallabuxur o.s.frv.? Áhrifavaldar...?“

Sara svaraði og sagði að unga fólki sé mjög meðvitað og oft vandamálið frekar að ekki sé hlustað. Hún tók dæmi um hvað hefur virkað á hennar skólagöngu: Fyrirlestrar frá sérfræðingum, heimildamyndir og umræður >> til þess þarf menntaða kennara. Mikilvægt sé líka að hafa kennslu heima fyrir, ekki bara stóla á skólana. Byrja smátt í leikskóla og byrjun grunnskóla, hvað hver og einn getur gert. Því eldri sem börn verða því flóknara, t.d. brennsla jarðefnaeldsneytis, endurheimt votlendis, mengun þess að fljúga og hvernig maður getur notað kosningarétt. Kennsla á uppbyggilegan hátt, hræða þau en gefa von >> nógu mikla fræðslu og umræðu sem er sett í samhengi við daglegt líf íslenskra unglinga.

Þessi ábending kom úr sal: „Ég er alinn upp við að það sé ljótt að hræða börn. (Að gefnu tilefni)“.

Ragnhildur lagði áherslu á að versla úr nærumhverfi, það væri eitt atriðið í umhverfisstefnu Snæfellsness.

Fyrirtæki

Nokkuð var rætt um fyrirtæki og m.a. spurt: „Er hægt að krefja fyrirtæki um að lágmarka umbúðir? (Hamborgarar, skyr, gúrkur, gos)“.

SG tók dæmi af bylgjupappa og sagði að í verslunum séu mikil tækifæri til að gera betur. Mætti ráða „hressan sumarstarfsmann“ sem færi á staðinn.

KJ sagði að fyrirtæki muni detta út af markaðnum ef þau eru ekki umhverfisvæn og taldi mikil tækifæri í að fræða fyrirtæki.

Undir þetta tóku fleiri og einhver hópanna sagði: „Auka fræðslu til fyrirtækja“.

Sveitarfélögin

Þessir punktar komu frá hópunum um það sem sveitarfélögin geta gert, hvert fyrir sig, eða í samstarfi:

- Skapa aðstæður með skipulagi sem gera þéttbýli áhugaverðari og aðgengilegri fyrir gangandi og hjólandi.
- Áhersla á að nota skipulagsáætlanir til að koma sjálfbærni í verk.
- Fræðsla!
- Sveitarfélög séu tæknivæddari og noti tæknina til að spara auðlindir.
- Kolefnisjöfnun í heimabyggð.
- Sveitarfélagið sýni fordæmi og sýni hvað sé hægt – gangi lengra.
- Áhersla á mat úr héraði.
- En einnig var spurt: „Að hvaða leyti og hversu langt eiga sveitarfélög (útsvarsgreiðendur) að ganga til að takast á við loftslagsmál?“

Að lokum

Undir lok umræðunnar, varpaði einn hópanna þessari spurningu til Stefáns: „Hvað er mikilvægast að sveitarfélögin á Vesturlandi aðhafist á næstu árum í umhverfismálum að þínu mati? Yfirmarkmið?“ SG taldi brýnast að minnka kolefnisspor og ræddi í því sambandi um skipulag og votlendi.

Þá kom fram spurning um von, „hvernig sköpum við von um að hægt sé að snúa við blaðinu?“.

Ragnhildur svaraði því svo: „Með góðum dæmum, skýrri stefnu, framtíðarsýn og farvegi til samstarfs. Vinna hratt og örugglega og vinna saman. Við fáum kraft úr voninni, hún er eldsneytið í þessari vegferð, því við förum ekki langt á tómum tanki“.

Byrjað var á því að fá innlegg frá þeim fjórum aðilum sem voru sérstakir gestir í pallborðinu, en síðan tók við umræða á borðum.

Björn þakkaði stjórnanda og þátttakendum fyrir góðar umræður um umhverfismálin.

Afgreiðsla á fjárhags- og starfsáætlunum og ályktunum

Björn bað fulltrúa vinnuhópa að vera tilbúna að koma í pontu og gera grein fyrir sínu starfi.

➤ Fjárhags- og starfsáætlun SSV

Rakel Óskarsdóttir gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um fjárhags- og starfsáætlun SSV. Hún reifaði umræður hópsins. Hópurinn leggur fram fjárhags- og starfsáætlun með þessum breytingum:

- Framlag sveitarfélaganna hækki um 2,5% frá fyrra ári en ekki 3% sem þýðir að fastagjaldið verður 615.000 en ekki 620.000 og að framlag per íbúa verður 1.740 kr. en ekki 1.750 kr. Við þetta lækkar áætlaður tekjuafgangur um 215.070 kr. og verður 1.040.406 kr.
- Í starfsáætlun voru gerðar minniháttar orðalagsbreytingar

Fjárhags- og starfsáætlun voru samþykktar samhljóða með breytingartillögum vinnuhópsins. Sjá framlagða og samþykta fjárhags- og starfsáætlun í fylgiskjöllum.

➤ Samgöngumál

Ólafur G. Adólfsson gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um samgöngumál. Þar kom fram að litlar breytingar hafi verið gerðar á þeirri tillögu sem lág fyrir fundinum.

Tillaga að ályktun um samgönguáætlun var samþykkt samhljóða með þeim breytingum sem vinnuhópur lagði til, auk þess sem ábending um lagfæringu kom fram í umræðu þingsins sem jafnframt var samþykkt.

Sjá framlagða og samþykta ályktun um samgöngumál í fylgiskjöllum.

➤ Opinber þjónusta

Magnús Smára Snorrason gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um opinbera þjónustu. Hann las yfir þær breytingar sem gerðar voru á ályktunum um opinbera þjónustu frá upphaflegum í gögnum þingsins. Fram komu ábendingar úr sal um orðalag.

Tillagan var samþykkt samhljóða

Sjá framlagða og samþykta ályktun um opinbera þjónustu í fylgiskjöllum.

➤ Atvinnu- og umhverfismál

Björg Ágústadóttir gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um atvinnu- og umhverfismál og þeirri umræðu sem varð innan hópsins. Eftir framsögu Bjargar varð mikil umræða um kaflann um umhverfismál og þá sérstaklega fyrirhugaðan urðunarskatt sem stjórnvöld hyggjast leggja á sveitarfélögin. Í kjölfarið tók þessi þáttur ályktunarinnar nokkrum breytingum

Endanleg tillaga var samþykkt samhljóða.

Sjá framlagða og samþykta ályktun um atvinnu- og umhverfismál í fylgiskjöllum.



Þingslit

Í lok fundarins var lögð fram tillaga um að Valgarður Jónsson taki sæti sem varamaður í stjórn SSV fyrir hönd Akraneskaupstaðar í stað Gerðar Jóhannsdóttur og var tillagan samþykkt samhljóða.

Björn Hilmarsson fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir góða þingsetu og gagnlegar umræður. Hann sleit þingi og óskaði þingfulltrúum góðrar heimferðar.

Fylgiskjöl:

➤ Fjárhags- og starfsáætlun SSV - samþykkt



Fjárhagsáætlun SSV fyrir 2019-2020

Tekjur	Rauntölur 2018	Útkomuspá 2019	Áætlun 2020
<i>Árgjöld, framlög, seld þjónusta</i>			
Árgjöld sveitarfélaga	31.946.050	34.061.900	34.872.180
Framlag Jöfnunarsjóðs	32.636.357	34.332.681	34.332.681
Byggðastofnun v/atvinnuráðgjöf	23.220.000	24.741.000	24.245.000
Þjónustusamningar	17.904.329	14.300.000	13.800.000
Tekjur atvinnuráðgjafar	6.623.986	6.000.000	6.000.000
Húsaleigutekjur	945.970	976.597	1.007.848
Samtals	113.276.692	114.412.178	114.257.709
<i>Sértekjur</i>			
Menningarstarf á Vesturlandi	7.589.265	7.600.000	7.700.000
Sóknaráætlun Vesturlands	7.000.000	16.000.000	13.500.000
Samtals	14.589.265	23.600.000	21.200.000
Heildartekjur í rekstri	127.865.957	138.012.178	135.457.709
<i>Almenningssamgöngur</i>			
Heildartekjur	127.865.957	138.012.178	135.457.709
Gjöld			
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	77.811.953	77.223.242	93.713.522
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>			
Húsnæðiskostnaður	1.848.176	2.321.583	3.797.900
Rekstur áhalda og tækja	2.094.398	1.590.067	1.950.000
Skrifstofukostnaður	1.884.458	1.697.637	1.681.892
Stjórnun og umsýsla	20.391.410	30.982.520	20.858.989
Rekstur bifreiða	214.696	458.445	715.000
Samtals	26.433.138	37.050.252	29.003.781
<i>Önnur gjöld</i>			
Framlag til sérverkefna	- 6.305.000	- 1.600.000	-
Framlag til Vesturlandsstofu	5.700.000	5.850.000	6.000.000
Sóknaráætlun	11.747.910	11.386.139	4.500.000
Afskriftir	1.644.733	1.478.761	1.500.000
Samtals	12.787.643	17.114.900	12.000.000
Heildargjöld	117.032.734	131.388.394	134.717.303
Hagnaður/tap án fjárm.	10.833.223	6.623.784	740.406
<i>Fjármunatekjur</i>	538.081	285.094	300.000
<i>Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага</i>	- 5.680.215	- 1.358.767	-
Hagnaður/tap	5.691.089	5.550.111	1.040.406

VIÐAUKI VIÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

Sóknaráætlun 2020

Tekjur

Framlög ráðuneyta	89.801.849
Framlög sveitarfélaga	12.380.250
Samtals	102.182.099

Gjöld

Uppbyggingarsjóður	60.000.000
Áhersluverkefni	33.182.099
Umsjón SSV	9.000.000
Samtals	102.182.099

Greinargerð

Framlag ríkissjóðs: áætlun er unnin út frá nýrri reiknireglu stjórnvalda sem þýðir að framlagið til Vesturlands hækkar um 9,9% eða rúmar 8 m.kr.

Framlag sveitarfélaga: framlag sveitarfélaga á Vesturlandi er áætlað 750 kr. per íbúa og heildartala því áætluð kr. 12.380.250

Uppbyggingarsjóður: lagt er til að sjóðurinn úthluti 60 m.kr. á árinu 2020.

Áhersluverkefni: lagt er til 33.182.099 verði varið til áhersluverkefna en verkefnin verða ákveðin af stjórn og samráðsvettvangi sóknaráætlunar.

Umsjón: það liggur fyrir að framlag vegna umsjónar SSV með áætluninni mun hækka, en ekki hversu mikið. Áætlað er að það verði 9. m.kr. og hækki um 2 m.kr.

Árgjald til SSV frá sveitarfélögum á Vesturlandi

Árið 2020

Samþykkt tillaga

	Fjöldi	Árgjald	Fastgj.	Jan-mars	Apríl-júní	Júlí-sept	Okt-des	Samtals
Akanes	7.411	12.895.140	615.000	3.685.075	3.085.075	3.369.995	3.369.995	13.510.140
Hvalfjarðarsveit	638	1.110.120	615.000	875.400	275.400	287.160	287.160	1.725.120
Skorradalshreppur	58	100.920	615.000	600.000	0	115.920	0	715.920
Borgarbyggð	3.807	6.624.180	615.000	2.191.625	1.591.625	1.727.965	1.727.965	7.239.180
Grundarfjarðarbær	866	1.506.840	615.000	972.725	372.725	388.195	388.195	2.121.840
Helgafellssveit	62	107.880	615.000	600.000	0	122.880	0	722.880
Stykkishólmur	1.201	2.089.740	615.000	1.100.225	500.225	552.145	552.145	2.704.740
Eyja- og Miklaholtshreppur	117	203.580	615.000	600.000	0	218.580	0	818.580
Snæfellsbær	1.674	2.912.760	615.000	1.297.425	697.425	766.455	766.455	3.527.760
Dalabyggð	673	1.171.020	615.000	883.475	283.475	309.535	309.535	1.786.020
Samtals	16.507	28.722.180	6.150.000	12.805.950	6.805.950	7.858.830	7.401.450	34.872.180

Íbúafjöldi 1. janúar 2019

kr. 34.872.180

Sveitarfélög greiði fast grunngjald kr.	615.000
Sveitarfélög greiði árgjald kr. 1740 á íbúa	1.740

Starfsáætlun 2020



Starfsáætlun SSV 2020



Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi



Vesturland nær yfir svæðið frá botni Gilsfjarðar í norðri og að botni Hvalfjarðar í suðri. Frá Snæfellsnesi í vestri og upp á Langjökul í austri. Á svæðinu búa um 16.500 manns (1. janúar 2019) sem skiptast niður á 10 sveitarfélög. Öll sveitarfélögin 10 á eru aðilar að Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Samtökin voru stofnuð árið 1969.



16.500 íbúar



10 sveitarfélög



Lög og markmið

- Í sveitarstjórnarlögum er fjallað um landshlutasamtök sveitarfélaga. Í 97 gr. segir að sveitarfélögunum sé heimilt að hafa með sér landshlutasamtök sem vinni að sameiginlegum hagsmunamálum fyrir sveitarfélögin. Jafnframt er kveðið á um í lagagreininni að ráðuneyti og aðrar opinberar stofnanir skulu leita umsagnar hjá landshlutasamtökunum við ákvarðanir eða stefnumótun sem varði landshlutann sérstaklega. Loks er kveðið á um að landshlutasamtök geti með samningum eða samkvæmt ákvæðum í sérlægum tekið að sér verkefni eða aðra starfssemi sem tengist hlutverki þeirra.
- Þá er landshlutasamtaka sveitarfélaga getið í lögum um byggðaaætlun nr.69/2015, en í 4.gr. kveðið á um hlutverk landshlutasamtaka varðandi vinnu og framkvæmd sóknaráætlunar.
- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) starfa því annars vegar með hliðsjón af áður nefndum lagaákvæðum og hins vegar í samræmi við sérlæg samtakana eins og þau voru samþykkt á aðalfundi 2014 og með breytingum á 6. gr. á Haustþingi 2017
- Í lögum SSV kemur fram að markmið samtakanna eru;
- Að vinna að hagsmunum sveitarfélaganna á Vesturlandi.
- Að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að víðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna og vinna að því að gera verkefni sveitarstjórna eftirsóknar- og áhugaverð.
- Kynna kosti Vesturlands, efla samkennd íbúa og styrkja þjóðfélagslega aðstöðu landshlutans



Samningar um verkefni

- **Samningar í gildi árið 2020**
- Með samningi við Byggðastofnun hefur SSV tekið að sér atvinnuráðgjöf og ýmis byggðapróunar verkefni á Vesturlandi. Nýr samningur var undirritaður í upphafi árs 2018 og gildir hann til ársloka 2022.
- Með þjónustusamningi við stjórn Sorpurðunar Vesturlands sér SSV um rekstur urðunarstaðarins í Fíflholtum.
- SSV á allt hlutafé í Vesturlandsstofu (Markaðsstofu Vesturlands) og heyrir hún í skipuriti undir SSV
- **Samningar sem falla úr gildi 2020**
- Væntanlega mun samningur um þjónustusvæði Vesturlands fyrir málefni fatlaðra falla úr gildi í upphafi árs 2020 og verkefnið ganga til sveitarfélaganna.
- Samningur við Vegagerðina um að SSV sjái um skipulag og framkvæmd almenningssamgangna á milli sveitarfélaga á Vesturlandi fellur úr gildi í árslok 2019 og mun Vegagerðin taka verkefnið yfir.



Stjórn og starfsfólk

- Í stjórn SSV eru 12 fulltrúar
- Öll sveitarfélögin 10 eiga fulltrúa í stjórn, en tvö fjölmennustu sveitarfélögin Akraneskaupst. og Borgarbyggð eiga tvo fulltrúa.
- Stjórn er kosin til tveggja ára og verður næst kosið á aðalfundi 2020.
- Formaður stjórnar er Eggert Kjartansson
- Á árinu 2020 er áætlað að hjá SSV starfi 9 starfsmenn í um sjö stöðugildum. Stöðugildin eru eftirfarandi.
 - Framkvæmdastjóri
 - Fjórir atvinnuráðgjafar
 - Verkefnisstjóri fjármála, uppbyggingarsjóðs og upplýsingamála
 - Verkefnisstjóri menningar- og velferðarmála
 - Skrifstofumaður
 - Framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands.



Samstarf og hagsmunagæsla

- Aðalfundur hefur æðsta vald í málum SSV, kýs stjórn og afgreiðir ársreikning og ársskýrslu.
- Haustþing mótar stefnu fyrir komandi ár, afgreiðir fjárhags- og starfsáætlun.
- Stefnumótun í málaflokkum
 - Samgönguáætlun 2017
 - Menningarstefna 2016
 - Velferðarstefna 2019
- Fundir með ýmsum aðilum
 - Þingmönnum Norðvestur-kjördæmis
 - Samráðsfundir með öðrum landshlutasamtökum
 - Fundir með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga
 - Fundir með þingnefndum og umsagnir um lagafrumvörp
 - Fundir með sveitarstjórnarfólki og ýmsum haghöfum



Sóknaráætlun Vesturlands



- Ný sóknaráætlun tekur gildi árið 2020
- Þurfum að skipa nýjan samráðsvettvang, hingað til hafa verið 30 fulltrúar í honum.
- Uppbyggingarsjóður mun úthluta 60 m.kr. á árinu 2020.
- Ný áhersluverkefni verða ákveðin í árslok 2019. Áætlað er að vinna að fimm verkefnum árið 2020.

Höfum til umráða 102 m.kr árið 2020

Höfum úthlutað um 300 m.kr á fimm árum 7



Atvinnuráðgjöf SSV



- Helstu verkefni eru:
- Stuðla að jákvæðri atvinnu- og byggðapróun í samræmi við stefnu ríkisins.
- Ráðgjöf við fyrirtæki, einstaklinga og sveitarfélög.
- Stuðla að nýsköpun í atvinnulífi.
- Vinna að greiningu og eflingu búsetukosta í sveitarfélögum.
- Upplýsingaöflun og -miðlun

Samningur við Byggðastofnun í gildi til 2022.

Framlag Byggðastofnunar um 24 m.kr. 8



Menningarmál



UNGIR DALAMENN GEFU GÍSLA EINARSSYNI VATN ÚR HVIAMMSÁ (DÖLUM ÞAR SEM SNORRI STURLUSON BJÓ



- Menningarfulltrúi hefur verið starfandi á Vesturlandi frá árinu 2006. Elísabet Haraldsdóttir sem starfaði sem menningarfulltrúi frá þeim tíma lét af störfum s.l. sumar.
- Verkefnisstjóri menningarmála verður ráðin til starfa í október.
- Starfið að hluta fjármagnað af Sóknaráætlun Vesturlands
- Barnamenningarhátíð árlegur viðburður
- Höfum nýverið unnið úttekt á möguleikum til aukins samstarfs safna og verður hún kynnt á árinu 2020.

9

ÁHERSLUR ÁRIÐ 2020

SAMSTARF, STEFNUMÓTUN, FRÆÐSLA OG KYNNING

1. Koma á sameiginlegum fundi forstöðumanna ríkisstofnanna á Vesturlandi
2. Standa fyrir fundum hjá forstöðumönnum ýmissa málaflokka hjá sveitarfélögum á Vesturlandi
3. Að endurskoða samgönguáætlun Vesturlands og menningarstefnu Vesturlands.
4. Fylgja eftir markmiðum Velferðarstefnu Vesturlands
5. Standa fyrir sérstökum fræðsludegi fyrir sveitarstjórnarfólk á Vesturlandi
6. Vinna upplýsingastefnu fyrir SSV og gera upplýsingamiðlun til sveitarfélaganna, íbúa og fyrirtækja markvissari.
7. Koma á reglulegum fundum á milli SSV og Ungmennaráðs Vesturlands.



10



ÁHERSLUR ÁRIÐ 2020

SÓKNARÁÆTLUN, ATVINNURÁÐGJÖF OG MENNINGARMÁL

1. Vinna að markmiðum nýrrar Sóknaráætlunar Vesturlands.
2. Fylgja eftir samskiptaáætlun Sóknaráætlunar Vesturlands og sem felur í sér kynningu fyrir íbúum, sveitarstjórnunum, félagasamtökum og fyrirtækjum.
3. Efla starf samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vesturlands.
4. Veita fyrirtækjum góðu þjónustu varðandi ráðgjöf og efla viðveru.
5. Standa fyrir Nýsköpunardegi Vesturlands
6. Standa fyrir íbúakönnunum á Vesturlandi og í öðrum landshlutum í samráði við önnur landshlutasamtök
7. Gera aðgengi að ýmiskonar tölfraði og rannsóknunum betra á heimasíðu SSV og samfélagsmiðlum.
8. Standa fyrir Barnamenningarhátíð í samstarfi við Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit.
9. Standa fyrir ráðstefnu um nýtingu félagsheimila og menningarhúsa.



➤ Samgöngumál – samþykkt ályktun

Haustþing SSV haldið í Ólafsvík, 25. september 2019 leggur fram eftirfarandi ályktanir um samgöngumál og fjarskipti, sem byggja m.a. á einróma samþykkttri Samgönguáætlun Vesturlands 2017-2029:

Vegamál

Tvöföldun vegar á Kjalarnesi er óhjákvæmileg framkvæmd vegna aukinnar umferðar og öryggis vegfarenda m.a. vegna fjölgunar ferðamanna. Samkvæmt vegaáætlun átti verkefnið að hefjast árið 2018 en af því varð ekki og harnar fundurinn það. Framkvæmdin þolir enga bið. Þá er einnig mikilvægt að hefja undirbúning að veglínu og framkvæmdaáætlun um endurbætur á Þjóðvegi 1 um Hvalfjarðarsveit í Borgarnes. Haustþing SSV 2019 skorar á stjórnvöld að hefja þegar í stað vinnu við tvöföldun vegar frá Reykjavík í Borgarnes og að framkvæmdum verði lokið á næstu sjö árum.

Sundabraut mun bæta umferð til og frá höfuðborginni og auka umferðar- og almannaoöryggi til mikilla muna. Haustþing SSV 2019 fagnar þeirri vinnu sem Vegagerðin og Reykjavíkurborg hafa lagt í vegna Sundabrautar. Mikilvægt er að þeir kostir sem eftir standa verði skoðaðir og ákvörðun tekin um endanlega legu brautarinnar svo hægt sé ráðast í annan nauðsynlegan undirbúning og hefja framkvæmdir. Verkefnið þolir ekki bið og er mikilvægt að ýta því úr vör sem allra fyrst og ljúka framkvæmdum fyrir árið 2030.

Samhliða þessu er ljóst að fara þarf í tvöföldun Hvalfjarðarganga á næstu árum ef og þegar hámarki umferðar um göngin skv. reglugerð verður náð. Ríkissjóður verður tímanlega að hafa frumkvæði að nauðsynlegum undirbúningi og framkvæmd verkefnisins

Það er óviðunandi að framkvæmdum við Uxahryggjaveg verði frestað til ársins 2024. Haustþing SSV 2019 skorar á stjórnvöld að hefja að nýju framkvæmdir við verkefnið, strax á næsta ári og að þeim verði lokið eigi síðar en árið 2024. Framkvæmdin mun m.a. tengja saman atvinnusvæði á Suðurlandi og Vesturlandi og búa til verðmæt tækifæri í ferðaþjónustu.

Mikilvægt er að Vegagerðin geri sérstaka úttekt á tengivegum á Vesturlandi og forgangsraði framkvæmdum m.t.t. umferðar, öryggis og nauðsynlegrar þjónustu. Verkefnið verði unnið í samvinnu við SSV. Áhersla verði lögð á að bundið slitlag verði komið á alla tengivegi í byggð fyrir 2029 og því er ljóst að tvöfalda verður það fjármagn sem lagt er til tengivega strax á næsta ári. Þá er afar brýnt að vegurinn um Laxárdalsheiði verði endurskilgreindur og hann verði settur sem sérstök framkvæmd á samgönguáætlun og tekinn úr flokki tengivega. Mikilvægt er að ljúka lagningu bundins slitlags á veginn fyrir árið 2024.

Ljóst er, að gera þarf nauðsynlegar öryggisúrbætur á gatnamótum tengivega og Þjóðveg 1 og þeim lokið eigi síðar en árið 2020. Þá er mikilvægt að fjölga útskotum á fjölförnum vegum, tryggja að góðar girðingar séu meðfram þeim og ráðast í öryggisaðgerðir á stöðum þar sem stórviðri eru algeng.

Undanfarin þrjú ár hafa verið gerðar minniháttar lagfæringar á veginum um Skógarströnd. Hönnun og úrbætur á veginum eru brýnar. Mikilvægt er að án tafa verði samþykkt tímasett verkáætlun framkvæmda. Þá er nauðsynlegt að hefja framkvæmdir við lagningu bundins slitlags þar sem undirbyggingu er lokið.

Nú þegar þarf að hefjast handa við að tvöfalda einbreiðar brýr á Vestfjarðavegi í Dalabyggð til að tryggja umferðaröryggi.

Skýrsla starfshóps um fjármögnun framkvæmda við helstu stofnleiðir til og frá höfuðborgarsvæðinu hefur örvað umræðuna um nýjar leiðir til að flýta vegaframkvæmdum en eftir stendur að taka ákvörðun um framhaldið. Haustþing SSV leggur til að skoðaðar verði leiðir þar sem veggjaldi er komið á til að flýta uppbyggingu á stofnleiðum á Vesturlandi sem ekki eru inni á langtímaáætlun ríkissjóðs. Gjaldtöku skal hins vegar stillt í hóf gagnvart þeim sem eru

reglulega á förum þar sem veggjald er lagt á og komið til móts við þá sem sækja atvinnu eða nám og þurfa að nýta viðkomandi mannvirki.

Hafnamál

Haustþing SSV 2019 áréttar að samgönguáætlun geri ráð fyrir framlagi til þeirra verkefna í hafnamálum sem eru áætluð á næstu árum á Vesturlandi. Þar eru m.a. verkefni í höfnum Snæfellsbæjar, Grundarfjarðar og í Stykkishólmi. Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við landfyllingu og breikkun aðalhafnargarðs á Akranesi og nauðsynlegt er að samgönguyfirvöld komi að því verkefni til þess að efla aftur stöðu fiskvinnslu og útgerðar frá Akranesi. Skarðsstöð í Dalabyggð gegnir hlutverki fyrir smábáta og nauðsynlegt að endurbæta aðstöðu þar. Þá er lögð áhersla á að haldið verði áfram af krafti við úrlausn verkefna á sviði sjóvarna á Vesturlandi.

Flugvellir

Mikilvægt er að gert verði ráð fyrir viðhaldi á landingarstöðum á Vesturlandi. Endurbæta verður slitlag á Stóra Kroppi. Mikilvægt er að landingarstaðurinn á Rífi verði endurbættur þannig að hann geti gegnt hlutverki sínu í neyðartilfellum. Lögð er rík áhersla á að þylum verði áfram tryggt eldsneyti á flugvöllum á Rífi, enda gegnir flugvöllurinn mikilvægu öryggishlutverki í því efni. Haustþing ályktar einnig að Kárastaðaflugvöllur, Stóri-Kroppur og Húsafell, ásamt landingarstöðum í Dölum og á Snæfellsnesi, verði nýttir til kennslu- og æfingaflegs.

Fjarskiptamál

Haustþing SSV 2019 fagnar því að nú sjáist til lands í lagningu ljósleiðara í dreifbýli á svæðinu en ekki má slá slöku við fyrir en öllu verkefninu sé lokið, þ.m.t. lagningu ljósleiðara í þéttbýliskjörnum.

Nauðsynlegt er að ráðin verði bót á lélegu farsímasambandi á afmörkuðum svæðum við þjóðveg 1, í dreifbýli og á vinsælum útivistarsvæðum á Vesturlandi af öryggisástæðum. Á það einnig við dreifikerfi almannaútvarps að vegna öryggis verði það þéttriðnara á Vesturlandi.

Vesturland er ákjósanlegur staður fyrir tengingu á háhraðafjarskiptastreng við útlönd enda utan skilgreindra hamfarasvæða. Í því felast miklir möguleikar í uppbyggingu gagnavera og gagnavinnslu á Vesturlandi.

Almenningssamgöngur

Almenningssamgöngur eru mjög mikilvægar fyrir Vesturland. Fyrir liggur að Vegagerðin muni taka verkefnið yfir frá upphafi árs 2020. Afar mikilvægt er að núverandi leiðarkerfi verði styrkt enn frekar á næstu árum. Haustþing SSV telur nauðsynlegt að Vegagerðin eigi gott samstarf við landshlutasamtökin um skipulag leiðarkerfis og gerð sumar- og vetraráætlana. Fundurinn vill einnig hvetja til að leitað verði allra leiða til hagræðingar í póstdreifingu eins og t.d. að póstur og fólksflutningar verði sameinaðar.

Við vinnu þessarar ályktunar var horft til Samgönguáætlunar Vesturlands og Áfangastaðaáætlunar landshlutans.

➤ Opinber þjónusta – samþykkt ályktun

Haustþing SSV haldið í Ólafsvík, 25. september 2019 leggur fram eftirfarandi ályktanir um opinbera þjónustu.

Opinber þjónusta - málefni sveitarfélaga og samskipti við ríkið

Opinber þjónusta sem veitt er af sveitarfélögum og ríki hefur mikil áhrif á lífsgæði fólks, vöxt og viðgang samfélaga. Ríkið er skuldbundið samkvæmt samningum til að fjármagna hluta af þeirri þjónustu sem sveitarfélögin inna af hendi. Mikilvægt er að skerpa skil á því hvaða þjónusta tilheyrir hvoru stjórnsýslustigi. Nauðsynlegt er að viðeigandi tekjustofnar og fjármögnun þeirra þátta opinberrar þjónustu sem sveitarfélögin bera ábyrgð á, séu með þeim hætti að sveitarfélögin geti sinnt þjónustunni sem skyldi. Því skiptir miklu máli að kostnaðarmeta öll frumvörp, reglugerðir og aðrar stjórnvaldsákvæðanir ríkisins sem hafa áhrif á verkefni og rekstur sveitarstjórnarstigsins. Á undanförunum árum hefur þeim tilvikum fjölgað þar sem ýmis verkefni og ábyrgð á þeim hafa verið færð til sveitarfélaganna án samráðs við þau eða að fullnægjandi fjármagn hafi fylgt þeim verkefnum.

Haustþing SSV vill benda á að með aukinni ljósleiðaravæðingu um allt land hefur skapast tækifæri til að byggja upp starfsemi og þjónustu á Vesturlandi.

Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið og einkageirann að byggja upp starfsstöðvar og fjölga störfum án staðsetningar í takt við markmið stjórnvalda í byggðamálum. Með aukinni tækni er landið eitt atvinnusvæði og á landsbyggðinni er mikill mannauður.

Haustþing SSV leggur áherslu á mikilvægi þess að samráð sé haft, raunhæft kostnaðarmat sé gert og nægt fjármagn fylgi verkefnum sem ríkið ætlar sveitarfélögunum að taka yfir og annast.

Málefni fatlaðra

Þrátt fyrir auknar fjárveitingar í kjölfar endurskoðunar á samningi um málefni fatlaðra eru sveitarfélög enn víða að greiða með þjónustu við fatlaða. Ekki er svigrúm til að efla þá þjónustu sem fötluðum er veitt í sveitarfélögunum né heldur að byggja upp þjónustu þar sem hún er ekki til staðar. Því er ljóst að enn skortir fjármagn til þess að sveitarfélög á Vesturlandi geti staðið undir þjónustu við fatlaða einstaklinga eins og þau vildu gera og kveðið er á um í lögum og reglugerðum varðandi þjónustu við fatlaða.

Með lögum nr. 38/2018 er búið að fella niður skilyrði um að 8000 íbúar standi að baki hverju þjónustusvæði. Haustþing SSV hvetur til þess að fyrir áramót verði lokið því skipulagi sem taka mun við hjá sveitarfélögum á Vesturlandi.

Haustþing SSV telur afar brýnt að til verði sérstakur tekjustofn sem fjármagnar nauðsynlega uppbyggingu á þjónustu, búsetuúrræðum og aðstöðu fyrir fatlaða.

Haustþing SSV telur jafnframt brýnt að hugað verði sérstaklega að auknum atvinnutækifærum fyrir fólk með fötlun og fólk með skerta starfsgetu.

Heilbrigðisþjónusta og öldrunarmál

Góð heilbrigðisþjónusta er forsenda fyrir búsetu á Vesturlandi. Mikilvægt er að áfram verði unnið að því að styrkja starfsemi og rekstrargrundvöll HVE og annarra heilbrigðis- og öldrunarstofnanna á Vesturlandi.

Vegna takmarkaðra fjárveitinga til tækjakaupa síðastliðin ár, er uppsöfnuð þörf á viðhaldi og endurnýjun búnaðar á heilbrigðisstofnunum Vesturlands mjög aðkallandi. Mikilvægt er að örugg tæki og búnaður sé til staðar á sjúkrahúsunum og á heilsugæslustöðvum svo hægt sé að sinna þeirri þjónustu sem þar er veitt. Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að tryggja fjármagn til að endurnýja og efla tækjakost sjúkrahúsanna á Akranesi og í Stykkishólmi sem og

á heilsugæslustöðvum umdæmisins. Einnig er mjög mikilvægt að huga að reglulegri endurnýjun sjúkrabíla, tækjakosti þeirra og menntun og þjálfun sjúkraflutningamanna.

Haustþing SSV hvetur einnig til þess að skoðað verði hvernig sjúkrahúsin geti styrkt grundvöll sinn með sérhæfingu og sérverkefnum.

Heilsugæslustöðvar eru mjög mikilvægar í öllum byggðarlögum. Þær þurfa að vera í stakk búnar til að mæta þörfum íbúa svæðisins á hverjum tíma, auk þess að sinna stóru auknum fjölda ferðafólks og sumarhúsafólks sem sækja svæðið heim og þurfa á heilbrigðis- og slysaþjónustu að halda.

Haustþing SSV leggur áherslu á að efla starfsemi heilsugæslustöðva á Vesturlandi þannig að þær geti áfram sinnt starfsemi sinni. Því er mikilvægt að tryggður verði stöðugleiki og samfella í viðveru lækna og menntaðs heilbrigðisstarfsfólks alla daga á heilsugæslustöðvum umdæmisins.

Haustþing SSV fagnar auknum fjárveitingum til geðheilbrigðismála, hvetur til þess að áfram sé haldið á sömu braut og starfsemin á Vesturlandi verði þróuð í samstarfi við sveitarfélögin

Rekstrarumhverfi hjúkrunar- og dvalarheimila er erfitt og sveitarfélög þurfa oft að koma beint að rekstri heimilanna þó málaflokkurinn sé alfarið á ábyrgð ríkisvaldsins. Rammasamningur milli Sjúkratrygginga Íslands og hjúkrunarheimila um þjónustu heimilanna rann út í árslok 2018. Því miður hefur samningurinn ekki verið endurnýjaður og skorar Haustþing SSV á stjórnvöld að bæta úr því hið fyrsta. Jafnframt skorar Haustþing SSV á yfirvöld að tryggja rekstur heimilanna samkvæmt því sem lög gera ráð fyrir, og hugað verði að aðbúnaði og fjölgun rýma á þeim svæðum þar sem þörf er.

Samkvæmt reglum Sjúkratrygginga eiga íbúar á hjúkrunar- og dvalarheimilum að taka þátt í dvalarkostnaði sínum og sá háttur hefur verið hafður á að hjúkrunarheimilunum hefur verið gert að innheimta umrædda kostnaðarhlutdeild af heimilisfólki sínu. Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að aflétta þessu innheimtuhlutverki af dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Velferðarstefna Vesturlands

Haustþing SSV fagnar því að Velferðarstefna Vesturlands hefur nú verið samþykkt af stjórn SSV. Mikilvægt er að öll sveitarfélög á Vesturlandi nýti sér stefnuna til þess að ná þeim markmiðum sem höfð voru til hliðsjónar við gerð hennar:

- Að stefnan verði leiðarljós fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög og aðra þá sem vinna að velferðarmálum á Vesturlandi.
- Að stefnan stuðli að því að þjónusta við íbúa verði eflað
- Að stefnan stuðli að auknu samstarfi og samráði þeirra aðila sem vinna að velferðarmálum á Vesturlandi.
- Að stefnan nýtist sem verkfæri í samskiptum heimaaðila og stjórnvalda varðandi uppbyggingu þjónustu og fjármögnun hennar.

Í Velferðarstefnu Vesturlands er kveðið á um að ráðist verði í verkefni til að auka samstarf og samþætta þjónustu við eldri borgara. Haustþing SSV telur afar brýnt að hið fyrst verði skipaður samráðshópur með fulltrúum frá sveitarfélögum, HVE og hjúkrunar- og dvalarheimilum sem hefur það hlutverk að leita leiða til að bregðast við þeirri þróun sem fylgja mun breytingum á aldursamsetningu þjóðarinnar. Samráðshópurinn horfi m.a. til samstarfs og samþættingu á heimahjúkrun og stuðningsþjónustu, tilraunaverkefna og nýsköpunar í velferðarþjónustu í sinni vinnu.

Húsnæðismál

Mikil stöðnun hefur ríkt í byggingu á nýju húsnæði víða á landsbyggðinni á undanförunum árum þrátt fyrir ný atvinnutækifæri og fjölgun íbúa á mörgum stöðum. Haustþing SSV fagnar því að stjórnvöld ásamt íbúalánasjóði hafa nú hafið tilraunaverkefni um uppbyggingu íbúðahúsnæðis á landsbyggðinni þar sem þátttakendur eru meðal annarra sveitarfélaga Snæfellsbær og Dalabyggð.

Framhalds- og háskólar

Á Vesturlandi eru öflugar menntastofnanir sem gegna lykilhlutverki við uppbyggingu búsetu á svæðinu. Mikilvægt er að menntastofnanir á Vesturlandi haldi sjálfstæði sínu.,

Haustþing SSV hvetur til þess að ríkið móti sér heildræna stefnu í uppbyggingu háskólastigsins og vinni það í samstarfi við hagaðila.

Haustþing SSV leggur áherslu á að ríkið ráðist í endurskoðun á fyrirkomulagi iðnnáms og starfstengdrar menntunar í landinu með það að leiðarljósi að efla iðnnám og gera það eftirsóknarverðara. Mikilvægt er að tryggja verknámsskólum aðstöðu og fjármagn til að geta sinnt kennslu í verknámsgreinum, þar sem mikil eftirspurn er eftir iðnmenntuðu fólki á vinnumarkaði.

Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að tryggja að menntastofnanir á Vesturlandi hafi nægt fjármagn til að geta sinnt því mikilvæga starfi sem þær gegna og þeim er ætlað.

Fram hefur komið að lánveitingar Lánasjóðs íslenskra námsmanna hafa dregist mikið saman og staðan er þannig að í dag eru lántakar frekar námsmenn af landsbyggðinni sem ekki geta dvalið í foreldrahúsum á námstíma. Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að taka tillit til þessa aðstöðumunar þegar nýjar reglur um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna verða samþykktar.

Löggæsla og embætti sýslumanns

Fjölgun íbúa á suðursvæði Vesturlands og dulin búseta á Vesturlandi vegna fjölda sumarhúsa, auk mikillar fjölgunar ferðamanna á Vesturlandi, kallar á aukna löggæslu á starfssvæðinu. Ástand vega og aukin umferð ferðamanna kallar á stórauðna löggæslu á vegum úti. Lögreglumenn á Vesturlandi eru orðnir svo fáir á vakt á hverjum tíma að ástæða er til að hafa áhyggjur af öryggi þeirra við skyldustörf og hvort þeir hafi tök á að sinna öllum verkefnum. Afar brýnt er að hækka fjárveitingar til löggæslu á Vesturlandi til þess að hægt sé að fjölga lögreglumönnum og halda úti ásættanlegum fjölda lögreglumanna á vakt á hverjum tíma.

Haustþing SSV skorar því á Alþingi að hækka fjárveitingar til löggæslu á Vesturlandi til að hægt sé að tryggja öryggi lögreglunnar, íbúa og gesta landshlutans.

Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að beita sér fyrir auknum fjárheimildum og eflingu embættis sýslumanns á Vesturlandi. Bent er á að byggðasjónarmið kalla eftir því að opinber störf verði flutt frá höfuðborginni út á landsbyggðirnar til þess að treysta búsetu með því að skapa störf og tryggja góða þjónustu.

Jöfnun húshitunarkostnaðar

Haustþing SSV krefst þess að Alþingi haldi áfram að jafna orkukostnað til húshitunar. Til þess að bæta lífskjör íbúa köldum svæðum.

➤ Atvinnu- og umhverfismál – samþykkt ályktun

Haustþing SSV haldið í Ólafsvík, 25. september 2019 leggur fram eftirfarandi ályktanir í atvinnu- og umhverfismálum.

Ferðapjónusta

Ferðapjónusta hefur vaxið mikið á Vesturlandi síðustu ár. Því er mikilvægt að hlúa vel að öllum þáttum er varða ferðamál. Margt hefur áunnist, en mikið vantar þó enn á að grunngerð og innviðir geti mætt því aukna álagi sem hefur myndast við þessa fjölgun fólks á ferð um landshlutann.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull hefur stóru hlutverki að gegna varðandi verndun náttúru- og menningarminja, auk þekkingarmiðlunar og þjónustu við ferðamenn sem sækja Vesturland heim. Haustþing SSV lýsir ánægju sinni með uppbyggingu innviða, aukin umsvif og fjölgun starfa í þjóðgarðinum, en vill jafnframt benda á að mikilvægt er að auka enn við landvörslu og uppbyggingu innviða við fleiri náttúruperlur, menningarminjar og vinsæla áningarstaði á Vesturlandi. Haustþing SSV harmar hve fá verkefni á Vesturlandi fengu brautargengi við síðustu úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, en þakkar þá mikilvægu styrki sem þó fengust og vonar að þar verði bætt um betur í næstu úthlutun.

Haustþing SSV fagnar tilkomu Áfangastaðaáætlunar Vesturlands og lýsir ánægju með þau verkefni sem fengið hafa fjármagn og unnið er að í framhaldi af þeirri stefnumótun. Auk þess telur haustþingið mikilvægt að staðið sé við þau fyrirheit stjórnvalda að taka mið af stefnumótun áfangastaðaáætlunar við úthlutun styrkja til framkvæmda og uppbyggingar á áfangastaðnum Vesturlandi.

Haustþingið telur einnig brýnt að staðið verði við markmið laga landsáætlunar um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum og fjármagn verði tryggt til þessarar uppbyggingar um allt land. Jafnframt verði tryggt fjármagn og/eða skapaðar leiðir til að fjármagna grunnþjónustu á landsbyggðinni, s.s. heilsugæslu, löggæslu, vegþjónustu, öryggismál, upplýsingagjöf og landvörslu sem nauðsynlegt er að sé til staðar ef vel á að vera þegar svo margt fólk er á ferð um landið allt árið.

Haustþing SSV hvetur til markvissari vöktunar og aukinna rannsókna á ferðapjónustu á Íslandi, auk markvissari miðlunar og aukinna tækifæra til hagnýtingar á talnagögnum úr þeim rannsóknum.

Haustþingið telur ástæðu til að árétta að skipulagsmál eru í umsjón sveitarfélaganna og því mikilvægt að öll verkefni sem lúta að stefnumótun og skipulagi landssvæða séu unnin í samstarfi við og með samþykki bæði landeigenda og sveitarfélaga. Haustþing SSV telur einnig mjög aðkallandi að ríki og sveitarfélög semji um aukinn hlut sveitarfélaga í tekjustofnum til að mæta uppbyggingu innviða og rekstri í atvinnugreininni ferðapjónustu.

Sjávarútvegur

Á Vesturlandi eru sjávarbyggðir þar sem reknar eru litlar og stórar útgerðir, fiskvinnslur og fiskmarkaðir. Þessi fyrirtæki eru undirstöðuatvinnuvegur viðkomandi byggða, auk þess sem nýsköpun og vöruþróun vex og dafnar við hlið öflugs sjávarútvegs.

Haustþing SSV beinir því til ráðamanna að skapa sátt og stöðugleika um sjávarútveginn, hann byggi á sjálfbærri nýtingu og stuðlað verði að áframhaldandi framþróun og starfsemi öflugs sjávarútvegs í sjávarbyggðum landsins.

Nokkur styr hefur lengi verið í þjóðfélaginu um umgjörð sjávarútvegs á Íslandi, sem skapar óvissu og erfiðleika fyrir þá sem starfa í þeirri atvinnugrein. Mikilvægt er því að skapa sátt og stöðugleika um starfsumhverfi sjávarútvegsins

þannig að atvinnuvegurinn geti þróast áfram á grundvelli sjálfbærrar nýtingar, greitt sanngjarnt nýtingargjald af auðlindinni og eflst, samfélaginu öllu til hagsbóta.

Haustþing SSV lýsir yfir áhyggjum sínum af íþyngjandi veiðigjöldum, sérstaklega fyrir minni útgerðir. Ljóst er að hröð samþjöppun á sér stað í atvinnugreininni. Verði ekki breyting á núverandi fyrirkomulagi veiðigjalda, er hætt á að þessi grunnstoð atvinnulífs á Snæfellsnesi muni eiga erfitt uppdráttar. Enn fremur lýsir haustþing yfir áhyggjum af þróun sjávarútvegs á Vesturlandi.

Mikilvægt er að rannsóknir á lífmassa Breiðafjarðar og Faxaflóa verði stórlega auknar, þannig að betri þekking fáiast sem er forsenda ákvarðana um nýtingu hafsins á öllum sviðum.

Landbúnaður

Á Vesturlandi eru landbúnaðarhéruð og svæði sem byggja á hefðbundnum fjölskyldubúskap á litlum og stórum búum, þá eru úrvinnslustöð í landbúnaði meðal stærstu vinnuveitenda í Dalabyggð. Mikilvægt er að standa vörð um þessa starfsemi. Vaxandi áhugi er á heimavinnslu og sölu beint frá býli og mikilvægt er að hlúa vel að slíkum sprotum.

Stöðugar umræður eru um það landbúnaðarkerfi sem við búum við í dag og deilur um það í þjóðfélaginu hafa gert starfsumhverfi landbúnaðarins mjög óstöðugt og þar með erfitt. Það er því mjög mikilvægt fyrir þau landssvæði sem byggja afkomu sína á þessari atvinnugrein að sátt náist um íslenskan landbúnað, þar sem landbúnaður er víða forsenda þess að byggð haldist í sveitum landsins. Landbúnaður og matvælaframleiðsla styður einnig við vöruþróun vegna ferðaþjónustu og er byggðafesta fyrir ýmsa byggðakjarna í dreifbýli. Haustþing SSV lýsir yfir miklum áhyggjum á mjög erfiðri stöðu sauðfjárræktar og bendir á að sauðfjárrækt er grunnatvinnuvegur á hluta Vesturlands. Má í því sambandi nefna Dalabyggð sem er svæði sem hefur verið í vörn og búið við stöðuga fækkun íbúa um langt árabíl. Haustþing SSV leggur á það áherslu að í aðgerðum stjórnvalda verði hugað að erfiðri stöðu þeirra svæða sem eiga afkomu sína að stórum hluta undir sauðfjárrækt og úrræði hafi það markmið að verja þau svæði sem byggja afkomu sína á sauðfjárrækt. Auk þess hvetur haustþingið til þess að rannsóknir í landbúnaði verði stórlega eflaðar, greininni til framdráttar.

Haustþing SSV 2019 tekur undir tillögur starfshóps um raforkumálefni garðyrkjubænda, frá því fyrr á árinu. Tillögurnar miða að því að auka stöðugleika í raforkukostnaði garðyrkjubænda, auka fjárfestingu og innlenda framleiðslu og stuðla að nýsköpun og þróun í greininni.

Grunninnviðir

Á sama tíma og miklir erfiðleikar steðja að sauðfjárrækt, blasir það við að erfitt er að nýta tækifæri á öðrum sviðum atvinnulífs í dreifðum byggðum á Vesturlandi, vegna þess að lagning þriggja fasa rafmagns er allt of stutt á veg komin og trygg rafmagnsafhending er ekki til staðar. Skorað er á stjórnvöld að gerð verði áætlun og átak í styrkingu og nútímavæðingu dreifikerfis raforku á Vesturlandi. Styrking dreifikerfisins er forsenda uppbyggingar á fjölbreyttara atvinnulífi í dreifðum byggðum á Vesturlandi, t.d. ferðaþjónustu og nýtingu á nútímataækni í landbúnaði.

Haustþing SSV lýsir yfir ánægju með þann árangur sem náðst hefur í ljósleiðaravæðingu í dreifbýli, um leið og lögð er áhersla á að lokið verði við þann áfanga, sem er sérstaklega mikilvægur dreifðum byggðum og uppbyggingu nýrra starfa, til að geta verið í takt við fjórðu iðnbyltinguna.

Enn fremur er minnt á þá stöðu að enn er ólokið ljósleiðaravæðingu margra þéttbýlisstaða. Mikilvægt er að leita allra leiða til að ýta undir að því verði lokið.

Grundartangi

Atvinnusvæðið að Grundartanga er mikilvægt fyrir suðursvæði Vesturlands. Við áframhaldandi þróun svæðisins er nauðsynlegt að horfa til fjölmargra tækifæra í framleiðslu og þjónustustarfsemi sem nýta sér hafnarmannvirkin við Grundartanga. Aukið samstarf fyrirtækja og nýsköpun er megindrífkraftur framþróunar svæðisins til að gera það enn eftirsóknarverðara fyrir nýja starfsemi með lágmarks umhverfisáhrif.

Leiðandi fyrirtæki á svæðinu hafa á undanförnum árum lagt metnað sinn í að draga úr umhverfisáhrifum sínum, t.d. með breytingu á lýsingu á svæðinu til að draga úr ljósmengun og uppsetningu búnaðar til að draga úr hljóðmengun frá starfsemi. Þá hefur verið unnið að því að draga úr rykmengun og losun koltvísýrings út í andrúmsloftið. Fyrirtækin vilja skapa sátt við umhverfi sitt og samfélag og vera ábyrg í sínum rekstri.

Haustþing SSV áréttar mikilvægi þess að styrkja og tryggja enn frekar innviði atvinnusvæðisins á Grundartanga með tilliti til framboðs á raforku, vatni og ekki síst samgangna til og frá svæðinu og við höfuðborgarsvæðið, en það er ein mikilvægasta forsenda fyrir atvinnuuppbyggingu á Grundartanga.

Haustþing SSV leggur áherslu á að fyrirsjáanleiki fyrirtækja í orkukræfum iðnaði verði tryggður með setningu orkustefnu, þar sem mörkuð verði stefna í orkumálum til framtíðar. Ný orkustefna taki tillit til eftirfarandi leiðarljósa:

- Að hámarka samfélagslegan ávinning af nýtingu orku
- Stuðningur stefnunnar við atvinnustefnu og samspil við lykilatvinnugreinar
- Stuðningur stefnunnar við byggðastefnu og jákvæða byggðapróun til lengri tíma

Þekkingarsetur og menntastofnanir

Á Vesturlandi eru tveir háskólar, þrír framhaldsskólar, símenntunarstöð og nokkur þekkingar- nýsköpunar- og rannsóknarsetur, sem eru gríðarlega mikilvægar stöðir í grunngerð samfélagsins. Þessi starfsemi er mjög mikilvæg fyrir svæðið þar sem bæði er að helstu sóknarfæri í atvinnuuppbyggingu á næstu árum eru talin verða í þekkingariðnaði, auk þess sem allar atvinnugreinar munu í framtíðinni þurfa að reiða sig á öflugna sí- og endurmenntun.

Framtíð þar sem gervigreind og þróuð vélmenni munu leysa af hólmi stóran hluta starfa er ekki langt undan og við megum engan tíma missa til að undirbúa nemendur. Mikilvægt er að menntastefna sem nú er í vinnslu stuðli að valdeflingu stjórnenda og kennara menntastofnana til að takast á við breyttan veruleika þar sem hópavinna og skapandi vinnubrögð eru notuð í kennslu. Þar verða ólíkar námsgreinar fléttaðar saman í úrlausn verkefna, verkvit, listgreinar og bóknað nýtt við úrlausn verkefna og nemendur undirbúin í að vera meistara í að takast á við breytingar og læra allt lífið.

Haustþing SSV leggur því áherslu á að starfsemi þessara eininga verði eflað og þeim tryggt rekstrarlegt sjálfstæði og fjárhagslegur rekstrargrundvöllur, enda hefur starfsemi þessara stofnanna haft jákvæð mælanleg áhrif á þekkingarstig og búsetu á Vesturlandi.

Verkefni til eflingar svæða

Sveitarfélög, í samvinnu við atvinnulíf og félagasamtök á Vesturlandi, hafa sýnt frumkvæði í að koma á fót samstarfi og verkefnum til að styrkja byggð og atvinnuuppbyggingu á grunni sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda. Sem dæmi má nefna Svæðisgarðinn Snæfellsnes og Sögu, jarðvang í Borgarfirði.

Haustþing SSV fagnar þessum verkefnum og hvetur stjórnvöld til að styðja við slíkt samstarf, sem miðar að því að samþætta vernd og nýtingu svæðisbundinna auðlinda.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa sýnt frumkvæði í þágu sjálfbærrar þróunar á Íslandi undanfarinn áratug. Haustþing SSV samþykkir að sveitarfélögin á Vesturlandi munu leitast við að hafa græn gildi að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og miða ákvarðanatöku við að reyna að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af henni. Þau skulu beita fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda, og hvetja fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklinga til að fylgja því fordæmi og bæta frammistöðu sína í mállefnum sjálfbærrar þróunar.

Umhverfismál

Haustþing SSV tekur undir mikilvægi aðgerða í umhverfismálum, sem kalla á margvíslegar leiðir til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar sem hafa verið settar fram í loftlagsmálum og öðrum umhverfismálum. Mikilvæg aðgerð til að ná þessum markmiðum er að ríkið tryggi jöfnun í dreifingu og kostnaði raforku í landinu.

Haustþing SSV leggst hins vegar alfarið á móti álagningu urðunarskatts. Sveitarfélög á Íslandi eru mörg hver í undirbúningsvinnu að söfnun og meðhöndlun á lífrænum úrgangi, auk annarra aðgerða sem miða að því að draga verulega úr urðun.

Haustþing SSV leggur því til að ráðherra umhverfismála kalli sveitarfélögin til samráðs um stefnumótun í úrgangsmálum. Samtal ríkis og sveitarfélaga og samstaða stjórnvalda um hvert ber að stefna er forsenda þess að ný sýn í málafloknum nái fram að ganga. Það er því eðlileg krafa sveitarfélaga að eiga aðkomu að stefnumótun í úrgangsmálum þar sem málaflokkurinn er á ábyrgð sveitarfélaganna í landinu.